

Náttúruskólinn í Reykjavík

Fyrsti fundur nýrrar umhverfisnefndar mánudaginn 7. nóv. haldinn í Borgartúni.

Mætt voru: Helena, Hafdís, Jóhanna, Aðalheiður, Þórólfur, Jónína og Karen Pálsdóttir frá Vinnuskólanum sem er nýr fulltrúi í hópnum.

Eftirfarandi var rætt:

Nú þarf að huga að nýjum markmiðum fyrir skólann, en áfram verður samgöngumarkmiðið inni, með áherslu á að námskeið skólans verði haldin þar sem hægt er að nota almenningssamgöngur til að komast á staðinn. Hafdís nefndi strax þá hugmynd að leggja áherslu á lýðheilsu og heilsueflandi áhrif, svo sem göngum í skólann/ hreyfing/ umhyggja/ samskipti/ dans fyrir alla, eitthvað í þessum dúr.

Þessi hugmynd var rædd fram og aftur og Helena sá fyrir sér námskeið í Náttúruskólanum sem tengdust lýðheilsu, vellíðan, og hollnustu, þetta væri jú þema sem er vinsælt í grunnskólanum og svona námskeið myndu styðja við þennan þátt í skólastarfinu. Ýmsar hugmyndir um efni og umræðupunkta um efnið komu fram

svo sem:

- umhyggja og láta sig aðra varða
- menntun til sjálfbærni
- rétta öðrum, fólki/plöntum hjálparhönd
- umhverfið er lifandi vera sem þarf að hlúa að

Björnslundur var stuttlega ræddur og þá kom fram að þar er oft slæm umgengni og lítil umhyggja borin fyrir trjám og umhverfinu og aldrei mætti gleyma því að við erum gestir í náttúrunni.

Lýðheilsa - markmið vetrarins

Næsti fundur verður í Hálsakoti mánud. 5. desember kl: 15.30

Pangað til eigum við að:

- skoða gátlistann með tilliti til lýðheilsu - hverju þarf að breyta?
- koma með hugmyndir að námskeiðum varðandi lýðheilsu á vorönn
- hugmynd Helenu varandi leikskólana, að fara með nemendum og kennurum þeirra út í náttúruna
- hvað viljum við sjá á svona námskeiðum?

Helena mun senda okkur í tölvupósti Grænfánaskýrslu Náttúruskólans og gátlista til að skoða nánar.

Jónína G. Bjarnadóttir